

25. mars 2009  
SI-50447

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 20. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs, 419. mál.

Í þingsályktunartillögunni er tekið á ýmsum þáttum er snerta beint eða óbeint ramma og framkvæmd peningastefnunnar og mun Seðlabankinn taka afstöðu til þeirra þegar nánari útfærsla þeirra liggur fyrir. Seðlabankinn vill þó benda á að samkvæmt lögum er það hlutverk Seðlabankans að taka ákvarðanir um vexti sína án afskipta stjórnvalda eða annarra hagsmunaraðila. Það sama á við peningamagn í umferð og önnur stjórnþæki peningastefnunnar. Jafnframt vill bankinn vekja athygli á því að óraunhæft er að ætlast til efnislegra viðbragða við svo ítarlegum hugmyndum innan þess tímaramma sem bankanum er boðið upp á.

Að öðru leyti tjáir Seðlabankinn sig ekki um umrædda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygaard  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri